

**Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu um sveitfesti þurfalings.** **80**

14. ágúst

Með brjefi, dags. 13. febr. f. á., hafði þjer, herra sýslumaður, sent hingað erindi frá hreppsnefnd Breiðdalshrepps, þar sem hún áfrýjar til stjórnarráðsins úrskurði yðar, dags. 29. maí 1907, um sveitfesti Stefáns Ólafssonar frá Núpshjáleigu. Eftir að stjórnarráðinu með brjefi yðar, dags. 29. apríl þ. á., höfðu borist nýjar upplýsingar í málinu, er beðið hafði verið um, hefir svofeldur úrskurður verið lagður á það.

Samkvæmt skjölum þeim, er fylgdu nefndum brjefum yðar, eru tildrög máls þessa þau, að seint á árinu 1903 sneri Stefán þessi sjer til hreppsnefndar Beruneshrepps, þar sem hann dvaldi, og beiddist styrks af sveitarsjóði þangað til hann gæti fengið hjálp hjá framfærslusveit sinni, sem hann taldi vera Breiðdalshrepp. Var honum veittur litilfjörlegur styrkur eftir að skoðunargjörð hafði farið fram hjá honum og hreppsnefnd Breiðdalshrepps krafín endurgjalds, en hún neitaði að endurborga styrkinn sökum þess, að þurfalingurinn hefði með 12½ árs óslitinni dvöl í Beruneshreppi unnið sjer framfærslusveit þar. Í nóvbr. 1904 varð umræddur þurfalingur enn styrkþurfi í Beruneshreppi, og með því að hreppsnefnd Breiðdalshrepps neitaði einnig að endurborga þenna styrk af sömu ástæðu og hinn áður veitta styrk, sneri hreppsnefnd Beruneshrepps sjer til yðar og beiddist úrskurðar um sveitfestina og bar það fram sínu máli til stuðnings, að þurfalingnum hefði verið veittur styrkur úr hreppssjóði Breiðdalshrepps áður en hann hefði getað verið búinn að vinna sjer sveitfesti í Beruneshreppi, og væru því rjettmætar endurgjaldskröfur þessa hrepps. Úrskurður yðar í málinu fjell svo hinn 29. maí 1907, eins og að framan er greint, með þeim úrslitum, að þurfalingurinn skyldi sveitlægur teljast í Breiðdalshreppi og að þessi hreppur skyldi greiða Beruneshreppi 46 kr. 06 au. til endurborgunar veittum styrk.

Af skjölum málsins sjest, að málsaðilla hefir eigi greint á um verustaði þurfalingsins og sömuleiðis hafa þeir verið sammála um, að þegar þurfalingnum fyrst var veittur styrkur í Beruneshreppi, hefði hann dvalið þar meira en 10 ár. Hinsvegar hefir verið ágreiningur um styrks eða lánsupphæðir, sem þurfalingurinn fjekk að tilhlutun hreppsnefndar Breiðdalshrepps, áður en hann gat hafa unnið sjer sveit í Beruneshreppi. Hefir hreppsnefnd Beruneshrepps haldið því fram, að upphæðir þessar beri að skoða sem sveitarstyrk, en hreppsnefnd Breiðdalshrepps aftur á móti, að þær beri að skoða sem privatlán þáverandi hreppsnefndarmanna, en eigi sem lán úr hreppssjóði.

Upphæðir þessar eru 50 kr. lán úr vaxtasjóði Breiðdalshrepps, 15 kr. lán úr hreppssjóði fardagaárið 1899—1900 og 50 kr. innskrift úr sama sjóði í viðskiftareikning þurfalingsins við verslun Ørum & Wulffs á Djúpavogi. Um síðasttalda upphæð er það upplýst með samhljóða vitnisburðum þurfalingsins og þáverandi verslunarstjóra tjeðrar verslunar fyrir rjetti 6. júlí f. á., að hún var greidd úr hreppsreikningnum 28. des. 1901 samkvæmt ábyrgð, sem hreppsnefnd Breiðdalshrepps hafði tekist á hendur gagnvart versluninni snemma á árinu 1901 eða áður en þurfalingurinn hafði dvalið 10 ár í Beruneshreppi. Skýrsla þessi

**80** um tildrög lánsins er einnig í öllum verulegum atriðum staðfest af þáverandi hreppsnefndaroddvita fyrir rjetti hinn 3. febrúar þ. á. Um nefnt 15 kr. lán er það upplýst, sömuleiðis með framburði þáverandi oddvita, að það hefir verið veitt á fardagaárinu 1899—1900 og því löngu áður en þurfalingurinn hafði dvalið 10 ár í Beruneshreppi, svo er það og upplýst, að ekkert af lánum þessum eða styrkveitingum hefir verið endurborgað.

Samkvæmt þessum upplýsingum þykir það vafalaust, að þurfalinginn beri að úrskurða sveitfastan í Breiðdalshreppi, því að auk nefnds 15 kr. láns, sem eigi getur skodast öðruvísi en sem sveitarstyrkur, virðist það eigi heldur geta talist vafasamt, að tjeða ábyrgð ber að skoða sem beinan sveitarstyrk, þarsem það sjest af málinu, að það var einungis vegna ábyrgðarinnar að þurfalingurinn gat haldið sjer uppi án frekari styrks þangað til hann leitaði til hreppsnefndar Beruneshrepps 1903. Hins vegar getur eigi orðið tekið tillit til framburðar hreppsnefndar Breiðdalshrepps um að lán þessi hafi verið privatlán hreppsnefndarmanna, því að auk þess sem slíkt er í sjálfu sjer ólíklegt, er það nægilega sannað, að hreppssjóður hefir lagt fram peningana, að minsta kosti að því er tvö lánin snertir, og ekkert er upplýst um, að þáverandi hreppsnefndarmenn hafi endurgoldið hreppssjóði upphæðirnar, en það hefði núverandi hreppsnefnd átt að vera innan handar að sanna, ef það hefði verið.

Af sveitfesti þurfalingsins í Breiðdalshreppi leiðir, að hreppssjóði þess hrepps ber að endurgjalda Beruneshreppi hinar veittu styrksupphæðir, er samkvæmt framlögðum reikningi nema 46 kr. 06 au.

Því úrskurðast:

Umræddur þurfalingur Stefán Ólafsson skal vera sveitfastur í Breiðdalshreppi og ber framfærsluveitinni tafarlaust að greiða Beruneshreppi 46 kr. 06 au. fyrir styrk veittan þurfalingnum.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndum Breiðdalshrepps og Beruneshrepps.

## Reglugjörð

**81**  
3. ágúst

fyrir Suður-Múlasýslu um hreinsun hunda af bandormum.

1. gr.

Lækna skal alla hunda í Suður-Múlasýslu, 4 mánaða gamla og eldri, og skal lækningin fara fram tvisvar á ári, í maímánuði og nóvembermánuði.

2. gr.

Hreppsnefnd í hverjum hreppi er falið að annast lækning hundanna. Skal hún skifta hreppnum í 2—4 deildir eftir ástæðum, og setja áreiðanlegan